

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Íran, nr. 384/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi tölugerðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 1.9 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1795 frá 24. júní 2024 um breytingu á ákvörðun 2011/235/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins í Íran, fylgiskjal 1.9.
- 2.9 Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/1796 frá 24. júní 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) 359/2011 um þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Íran, fylgiskjal 2.9.
- 5.2 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1970 frá 15. júlí 2024 um breytingu á ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1532 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu, fylgiskjal 5.2.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utánríkisráðuneytinu, 2. september 2024.

Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.9.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/1795**

frá 24. júní 2024

um breytingu á ákvörðun 2011/235/SSUÖ um þvingunaðgerðir gegn tilteknum einstaklingum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins í Íran

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Hinn 12. apríl 2011 samþykkti ráðið ákvörðun 2011/235/SSUÖ⁽¹⁾.
- Í ályktunum sínum frá 20. maí 2021 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins „um aðgerðir ESB í mannúðarmálum: nýjar áskoranir, sömu meginreglur“ áréttaði ráðið skuldbindingu sína um að forðast og ef það er ekki unnt, að milda eins og hægt er, hugsanleg óráðgerð, neikvæð áhrif þvingunaraðgerða Sambandsins á aðgerðir í mannúðarmálum á grundvelli meginreglna. Ráðið ítrekaði að þvingunaraðgerðir Sambandsins samræmist öllum skuldbindingum samkvæmt þjóðarétti, einkum alþjóðlegum mannréttindalögum, alþjóðlegum mannúðarrétti og alþjóðalögum um flóttamenn. Það lagði áherslu á mikilvægi þess að fylgja að fullu meginreglum um mannúð og alþjóðlegum mannúðarrétti í stefnu Sambandsins um refsiaðgerðir, m.a. með samræmdri innfellingu undanþága af mannúðarástæðum í regluverk Sambandsins um þvingunaraðgerðir þar sem við á og með því að tryggja að skilvirkur rammi sé til staðar fyrir notkun stofnana á sviði mannúðarmála á slíkum undanþágum.
- Á grundvelli endurskoðunar á ákvörðun 2011/235/SSUÖ og til að greiða fyrir aðgerðum í mannúðarmálum á grundvelli meginreglna í Íran af hálfu óháðra aðila á sviði mannúðaraðstoðar, lítur ráðið svo á að tiltekin samtök og stofnanir sem starfa sem samstarfsaðilar Sambandsins í mannúðarmálum ættu að vera undanþegnar banni við því að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan tilgreindum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í Íran, eingöngu í mannúðarskyni. Auk þess telur ráðið að innleiða ætti undanþágufyrirkomulag fyrir þau samtök og þá aðila sem taka þátt í mannúðarstarfi en geta ekki nýtt sér undanþágu af mannúðarástæðum. Ráðið telur enn fremur að innleiða ætti endurskoðunarákvæði í tengslum við þessar undanþágur.
- Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- Því ætti að breyta ákvörðun 2011/235/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun 2011/235/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- Eftirfarandi málsgreinar bætast við 2. gr.:

„7. Bannið sem sett er fram í 2. mgr. gildir ekki um samtök og stofnanir sem hafa gengist undir mat Sambandsins á stoðum og sem Sambandið hefur gert samstarfssamning um fjárhagsramma við sem samtökin og stofnanirnar starfa eftir sem samstarfsaðilar Sambandsins í mannúðarmálum, að því tilskildu að afhending fjármuna eða efnahagslegs auðs sem um getur í 2. mgr. sé nauðsynleg eingöngu í mannúðarskyni í Íran.

8. Í tilvikum sem falla ekki undir 7. mgr. og þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis veitt sértækar eða almennar heimildir, með þeim almennu eða sértæku skilyrðum sem þau telja viðeigandi, til að affrysta tiltekna frysta fjármuni eða efnahagslegan auð eða gera tiltekna frysta fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilega, að því tilskildu að afhending slíkra fjármuna eða efnahagslegs auðs sé nauðsynleg eingöngu í mannúðarskyni í Íran.

9. Ef ekki liggur fyrir neikvæð ákvörðun, beiðni um upplýsingar eða tilkynning um viðbótartíma frá viðkomandi lögbæru stjórnvaldi innan 5 virkra daga frá viðtökudegi beiðni um heimild skv. 8. mgr. skal líta svo á að heimildin hafi verið veitt.

10. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 8. eða 9. mgr. innan 2 vikna frá því að hún er veitt.“
- Eftirfarandi málsgrein bætist við í 6. gr.:

„3. Undantekningarnar sem um getur í 2. gr. að því er varðar 1. og 2. mgr. 2. gr. skal endurskoða með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti, eða að brýnni beiðni aðildarríkis, æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum eða framkvæmdastjórnarinnar í kjölfar grundvallarbreytingar á aðstæðum.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Lúxemborg 24. júní 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. BORRELL FONTELLES

(¹) Ákvörðun ráðsins 2011/235/SSUÖ frá 12. apríl 2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins í Íran (Stj.íð. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 51).

Fylgiskjal 2.9.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/1796

frá 24. júní 2024

um breytingu á reglugerð (ESB) 359/2011 um þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Íran

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1795 frá 24. júní 2024 um breytingu á ákvörðun 2011/235/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins í Íran(¹),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Hinn 12. maí 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2011/235/SSUÖ(²) og reglugerð (ESB) nr. 359/2011(³).
- Á grundvelli endurskoðunar á ákvörðun 2011/235/SSUÖ og reglugerðar (ESB) nr. 359/2011 og til að greiða fyrir aðgerðum í mannúðarmálum á grundvelli meginreglna af hálfu óháðra aðila á sviði mannúðaraðstoðar í Íran, lítur ráðið svo á að tiltekin samtök og stofnanir sem starfa sem samstarfsaðilar Sambandsins í mannúðarmálum ættu að vera undanþegnar banni við því að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan tilgreindum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í Íran, eingöngu í mannúðarskyni. Auk þess telur ráðið að innleiða ætti undanþágufyrirkomulag fyrir þau samtök og þá aðila sem taka þátt í mannúðarstarfi en geta ekki nýtt sér undanþágu af mannúðarástæðum.
- Hinn 24. júní 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/1795 um breytingu á ákvörðun 2011/235/SSUÖ. Með ákvörðun (ESB) 2024/1795 eru innleiddar undanþágur af mannúðarástæðum frá þvingunaraðgerðum gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins í Íran.
- Þessar breytingar falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að þeim sé beitt með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum.
- Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 359/2011 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi grein er felld inn í reglugerð (ESB) nr. 359/2011:

„7. gr. a

- Bannið sem er sett fram í 2. mgr. 2. gr. skal ekki gilda um fjármuni eða efnahagslegan auð sem samtök og stofnanir gera aðgengilega sem hafa gengist undir mat Sambandsins á stoðum og sem Sambandið hefur gert samstarfssamning um fjárhagsramma við sem samtökin og stofnanirnar starfa eftir sem samstarfsaðilar Sambandsins í mannúðarmálum, að því tilskildu að afhending slíkra fjármuna eða efnahagslegs auðs sé nauðsynleg eingöngu í mannúðarskyni í Íran.
- Í tilvikum sem falla ekki undir 1. mgr. þessarar greinar og þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 2. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis veitt sértækar eða almennar heimildir, með þeim almennu eða sértæku skilyrðum sem þau telja viðeigandi, til að affrysta tiltekna frysta fjármuni eða efnahagslegan auð eða gera tiltekna frysta fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilega, að því tilskildu að afhending slíkra fjármuna eða efnahagslegs auðs sé nauðsynleg eingöngu í mannúðarskyni í Íran.
- Ef ekki liggur fyrir neikvæð ákvörðun, beiðni um upplýsingar eða tilkynning um viðbótartíma frá viðkomandi lögbæru stjórnvaldi innan 5 virkra daga frá viðtökudegi beiðni um heimild skv. 2. mgr. skal líta svo á að heimildin hafi verið veitt.
- Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 2. eða 3. mgr. innan 2 vikna frá því að hún er veitt.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 24. júní 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. BORRELL FONTELLES

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1795, 24.6.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1795/oj>.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 2011/235/SSUÖ frá 12. apríl 2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins í Íran (Stjtið. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 51).

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 359/2011 frá 12. apríl 2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Íran (Stjtið. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 1).

Fvlgiskjal 5.2.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/1970

frá 15. júlí 2024

um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstrið Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu

Ráð Evrópusambandsins hefur,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Hinn 20. júlí 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532⁽¹⁾.
- Á grundvelli endurskoðunar á ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 ætti að framlengja þvingunaraðgerðirnar sem þar koma fram til 27. júlí 2025 og uppfæra ætti þær færslur sem varða fjóra aðila og tvær rekstrareiningar og eru á skrá í viðaukanum við ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532.
- Enn fremur þykir rétt að skýra nánar fyrirbyggjandi undanþágu skv. 8. mgr. 3. gr. ákvörðunar (SSUÖ) 2023/1532.
- Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Ef ekki liggur fyrir neikvæð ákvörðun, beiðni um upplýsingar eða tilkynning um viðbótartíma frá lögbæru stjórnvaldi innan fimm virkra daga frá viðtökudegi beiðni um heimild skv. 8. mgr. skal líta svo á að heimildin hafi verið veitt.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„10. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 8. og 9. mgr. innan 2 vikna frá því að hún er veitt.

11. Bönnin í 1. og 2. mgr. 3. gr. gilda ekki fyrr en 27. október 2023 um skuldbindingar samkvæmt samningi sem gerður var fyrir 26. júlí 2023 eða fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíks samnings.“

2) Í stað 10. gr. kemur eftirfarandi:

„10. gr.

Ákvörðun þessi gildir til 27. júlí 2025 og skal vera í stöðugri endurskoðun. Hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.

Undantekningarnar sem um getur í 7., 8. og 9. mgr. 3. gr. að því er varðar 1. og 2. mgr. 3. gr. skal endurskoða með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti, eða að brýnni beiðni aðildarríkis, æðsta fulltrúans eða framkvæmdastjórnarinnar í kjölfar grundvallarbreytingar á aðstæðum.“

3) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 15. júlí 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

NAGY I.

(¹) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1532 frá 20. júlí 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu (Stjtið. ESB L 186, 25.7.2023, bls. 20).

VIÐAUKI

[Viðaukarnir eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1970/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]